

Stríðið sem allir hafa gleymt


Menn eru að búa sig undir landnám á tunglinu, en við Kúrdar höfum átt í stríði í mörg ár í baráttu fyrir því að tunga okkar sé viðurkennd. Og þetta er vandamál sem ekkert ríki vill skipta sér af, enginn vill gerast málsvari okkar á alþjóðlegum vettvangi. Um þessar mundir er vopnahlé í Írak, og við Kúrdar reynum að kynna málstað okkar, afla okkur samúðar og helzt pólitísks stuðnings — og við bindum sérstakar vonir við Norðurlönd sem eiga ekki eins mikilla hagsmuna að gæta í nágrannalöndum okkar og flest önnur ríki.

Á þessa leið fórust orð dr. Osman, sérlegum sendimanni Kúrda í Írak, en hann hefur nú verið á ferð um Norðurlönd að kynna málstað landa sinna og einnig rætt við fulltrúa ýmissa ríkja hjá Sameinuðu þjóðunum. Hér hefur dr. Osman rætt m.a. við forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Hann kvaðst hafa mætt samúð og skilningi víða — og vonaði að sú samúð tæki síðar á sig mynd

voru opnaðir og Kúrdar fengu aðild að ríkisstjórninni. En árið 1960 var lýðveldisstjórninni steypt og hernaðareinræði komið á. Allir pólitískir flokkar voru bannaðir og Kúrdar sviptir öllum réttindum sem þeir höfðu fengið.

Kröfur Kúrda

Árið 1961 hóf stjórnin í Bagdad svo hernaðaraðgerðir gegn Kúrdum, sem síðan hafa staðið yfir og leitt yfir þá



Dr. Osman á blaðamannafundi í gær: einn af fjórum læknum heillar þjóðar. (Ljós. Þjóðv. A.K.).

VIÐTAL VIÐ SENDIFULLTRÚA KÚRDA Í ÍRAK

stuðnings og hjálpar við Kúrda.

Svikin loforð

Þær hörmungar sem yfir Kúrda hafa dunið eiga sér langan aðdraganda. Kúrdar eru indóevrópsk þjóð, um 13 milljónir, eiga sér eigin tungu og menningu. Eftir heimsstyrjöldina fyrri var landi þeirra skipt á milli Tyrklands, Sýrlands, Íraks og Írans, og um það leyti og síðar voru gerðar margar yfirlýsingar og samþykktir um að þeir skyldu hafa rétt sjálfsstjórnar innan þessara ríkja og jafnréttis við aðrar þjóðir. Að því er Írak varðar var landið tekið í Þjóðabandalagið 1932 með því skilyrði að Kúrdum væri veitt sjálfstjórn. Viðkomandi ríkisstjórnir hafa hinsvegar ekki staðið við þessar samþykktir, en beitt Kúrda margvislegri kúgun.

Árið 1958 varð bylting í Írak og lýðveldi var komið á fót. Þá fyrst fengu Kúrdar nokkur réttindi. Lýðræðisflokkur Kúrda var lögleiddur, skólar sem kenndu á kúrdsku

miklar hörmungar. Þrisvar hefur komið til vopnahlés og nú síðast í júlí í fyrra, en samningaviðræður hafa ekki enn leitt til lausnar. Þær kröfur sem við setjum fram, sagði dr. Osman, eru þessar: Kúrdar séu viðurkenndir sem þjóð, leytt að kenna á máli þeirra og gefa út-blöð. Þeir fái fulltrúa í ríkisstjórn Íraks í samræmi við það að þeir eru 2 milljónir af 7 milljónum landsmanna. Embættismenn í héruðum Kúrda séu Kúrdar. Stofnað sé sérstakt ráðuneyti sem fari með mál Kúrda og annað til að auka uppbyggingu í héruðum þeirra og kúrdiskir fangar séu látnir lausir.

Þessar kröfur hafa ekki náð fram að ganga, sagði dr. Osman. Það er þessvegna mjög þýðingarmikið fyrir okkur að kynna málstað okkar og tryggja okkur stuðning sem viðast. Við höfum ekki getað fengið mál okkar tekið fyrir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna — þar er sagt að hér sé um innanlandsmál Íraks að ræða, og ekki hefur einu sinni verið samþykkt

að senda nefnd frá SB til að kanna ástandið í héruðum Kúrda. Margir myndu hinsvegar styðja okkur ef eitt-hvert ríki reyndist svo óbundið af hagsmunum í Arabaríkjum að það legði til að SB ræddi málið. Og slíkur pólitískur stuðningur gæti einnig orðið til þess, að þvinga stjórn Íraks til skynsamlegrar afstöðu — því okkur reynist sannarlega nógu erfitt að ræða við herforingjastjórn sem hvorki styðst við þing né stjórnarskrá.

Hörmungar

Og við þurfum einnig á öðrum stuðningi að halda. Við höfum misst um 30 þús. manns í stríðinu, um 1000 þorpum okkar hefur verið eytt, íbúar um 300 kúrdískra þorpa hafa verið fláendir frá heimkynnum sínum og arabar fluttir þangað í staðinn. Í þeim fjallahéruðum, sem við ráðum, er fjöldi flóttamanna, þar ríkir matvæla-skortur vegna samgöngubanns og loftárása á birgðaskemmur, sjúkdómar geisa og farsóttir — en við höfum

ekki nema þrjá lækna til að annast eina milljón manns. Því er öll hjálpar sem okkur berst í lyfjum og matvælum kærkomin — en hún hefur verið fremur lítil fram til þessa.

Við erum ekki andvígir neinni þjóð og teljum allar þjóðir eiga jafnan rétt, sagði dr. Osman að lokum. Við viljum aðeins réttláta lausn okkar mála. Við teljum að slík lausn kæmi öllum íbúum Íraks til góða. Því að hin arabíska stjórn hefur ekki getað leyst brýn vandamál landsmanna vegna kostnaðar af styrjöldinni gegn okkur. En sú lausn getur ekki verið í því fölginn að við gefumst upp.

Sem fyrr segir hefur dr. Osman rætt við ráðherra og alþingismenn úr öllum flokkum. Erlendur Haraldsson, sem hefur í ræðu og riti kynnt málstað Kúrda hér og erlendis, skýrði og frá því að stofnuð hefði verið í vetur íslensk nefnd til stuðnings við Kúrda; svipaðar nefndir starfa í ýmsum löndum öðrum. — áb.

ÞJÓÐVILINN

Þriðjudagur 20. júní 1967 — 32. árgangur — 134. tölublað.

Ráðstefna um rannsóknir í Surtsey

Dagana 25.-28. júní verður haldin ráðstefna um Surtseyjarrannsóknir í Reykjavík. Að þessari ráðstefnu standa Surtseyjarráðgjafi og Ameríska líffræðistofnunin (American Institute of Biological Sciences). Tilgangur ráðstefnunnar er að fjalla um niðurstöður Surtseyjarrannsókna og ræða framtíðarmarkmið og horfur.

Til ráðstefnunnar er boðið mörgum þekktum vísindamönnum á sviði líffræða og jarðfræða, en auk þess munu nokkrir fulltrúar erlendra vísindasjóða sitja ráðstefnuna. Alls munu um 40 erlendir vísindamenn sitja ráðstefnuna og álika margir Íslendingar munu taka virkan þátt í störfum hennar. Erlendu þátttakendurnir eru frá Svíþjóð, Danmörku, Frakklandi og Bandaríkjunum.

Sautján fyrirlestrar verða haldnir, þar af tvö yfirlitserindi um þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á undanförunum árum. Fimmtán vísindalegar skýrslur verða gefnar. Sex þeirra fjalla um landnám lífs í Surtsey en níu greina frá margvíslegum rannsóknum á sviði jarðfræði, jarðefnafræði og jarðeðlisfræði.

Að loknum þessum fyrirlestrum mun ráðstefnan skiptast í vinnuhópa, þar sem sérsvið rannsóknanna verða rædd og jafnframt gerð drög að rannsóknaráætlun fyrir næstu ár. Þá verður farið með erlenda þátttakendum til Surtseyjar og eyjan skoðuð undir leiðsögn íslenskra vísindamanna.

ÆFR-fundur n.k. fimmtudagskvöld

Æskulýðsfylkingin í Rvík heldur félagsfund næst komandi fimmtudag kl. 21 í Tjarnargötu 20.

1. Inntaka nýrra félaga.
 2. Viðhorfin eftir alþingingiskosningarnar: Ingi R. Helgason talar.
 3. Sumarstarf ÆFR.
 4. Önnur mál.
- Félagar, mætið stundvíslega.
Stjórn ÆFR.

Alþýðubandalagsfólk í Reykjaneskjördæmi

1.-2. júlí efna Alþýðubandalagsfélögin í Reykjaneskjördæmi til skemmtiferðar á Snæfellsnes. Lagt verður af stað á laugardagsmorgun frá Keflavík kl. 8, Kópavogi kl. 9.

Fyrirhuguð er sameiginleg skemmtun með Alþýðubandalagsfólki úr Vesturlandskjördæmi á laugardagskvöldið. Elkið um Snæfellsnes á sunnudag.

Allir eru velkomnir í ferðina. Væntanlegir þátttakendur láti

skrú sig sem fyrst í eftirtöldum sínum: Keflavík 7605, Hafnarfjörður 50364, Garðahreppur 51846, Kópavogur 41279 og 41369, Seltjarnarnes 19638 og Mosfellsveit Tröllagil.

ÆFR-félagar

Salurinn er opinn í kvöld frá klukkan 8.30. Lítið inn og takið með ykkur gesti.

Salsnefnd.

Gerið skil í happdrættinu

□ Vinningsnúmerin í Landshappdrætti Alþýðubandalagsins verða birt eftir nokkra daga. Þeir sem enn eiga eftir að gera skil eru beðnir að snúa sér hið fyrsta til Kjartans Ólafssonar í Tjarnargötu 20, sími 17512.

19. júní, dagur kvenna, í gær:

Opnun Hallveigarstaða fagnað með myndlistarsýningu kvenna

Í gær var dagur kvenna, 19. júní og var þess þá minnt að Hallveigarstöðum við hátíðlega athöfn og að viðstöddum um fjölda gesta, að lokið er að fullu smíði þessa glæsilega félagsheimilis íslenskra kvenna og áfanganum fagnað með opnun listsýningar með verkum eftir 27 konur.

Athöfnin hófst með ræðu frá Sigríður J. Magnússon formanns framkvæmdanefndar Hallveigarstaða, sem opnaði Hallveigarstaði fyrir félagsstarfsemi kvenna í landinu og jafnframt listsýninguna. Rakti Sigríður aðdragandann að byggingu hússins og hvernig félagsamtök kvenna hafa safnað til hennar og barizt fyrir því að hún kæmist upp. Hallveigarstaðir eru nú full-

byggðir, en vegna mikilla skulda sem á húsinu hvíla hafa kvenfélagsamtökin ekki séð sér fært að taka það allt til afnota enn og hafa leigt tvær miðhæðir hússins borgarfégetaembættinu í Reykjavík. Á efstu hæð hafa Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands, sem í eru 220 félög víðs vegar á landinu, aðsetur sitt, en í kjallara hússins hafa Húsmæðrafélagið og

Kvenskátafélagið fengið inni auk þess sem þar eru funda- og samkomusalir, sem leigðir verða félögum og einstaklingum.

Viðstaddir opnunina voru fjölmargir gestir, m.a. ráðherrar og margar framákonur í félagasamtökum kvenna. Frá Winnipeg var kominn frú María Björnsson, sem safnað hefur fé til Hallveigarstaða meðal Vestur-Íslendinga. Fé þetta var notað til kaupa á veglegum flygli sem frú María afhenti, en frú Sigríður Thorlacius flutti ávarp fyrir hennar hönd. Að ávarpi hennar lóku vígðu þrjá ungar stúlkur, Sigríður og Halldóra Bjarnadóttir, ritstjóri Hlíns í fjölda ára. — (Ljós. Þjóðv. vh).



Frá opnun Hallveigarstaða í gær. Sigríður Thorlacius flytur ávarp Maríu Björnsson frá Winnipeg. Vinstra megin við Sigríði stendur Sigríður J. Magnússon og sitjandi við hlið hennar María Björnsson og Halldóra Bjarnadóttir, ritstjóri Hlíns í fjölda ára. — (Ljós. Þjóðv. vh).

Tillögur Kosygins á fundi allsherjarþings SP:

Ísraelsmenn láti án tafar af hendi alla landvinninga sína í stríðinu

Greiði þeim ríkjum sem urðu fyrir árásum þeirra skaðabætur fyrir það tjón sem þau urðu fyrir — Kosygin gekk af fundi undir ræðu Ebans

NEW YORK 19/6 — Alexei Kosygin, forsætisráðherra Sovétríkjanna, lagði í dag á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York fram ályktunartillögu vegna stríðs Ísraels og arabaríkjanna mjög áþekka þeirri sem sovétski fulltrúinn hafði borið fram í Öryggisráðinu en fékk þar ekki nægan stuðning. Lýst er sök á hendur Ísraelsmönnum fyrir árásarstríðið og þeim gert að hverfa þegar í stað á brott með hersveitir sínar frá öllum þeim löndum araba sem þeir unnu í stríðinu.

Allsherjarþingið hafði komið saman á stuttan fund á laugardaginn og var Kosygin þá þar staddur í fyrsta sinn. Stjórnarleiðtogar flestra sósíalistísku ríkjanna eru komnir til þings og einnig sumir helstu forystumenn araba.

Í ályktuninni sem Kosygin fylgdi úr hlaði með þriggja stundarfjórðunga ræðu er gert ráð fyrir að Ísraelsmenn greiði fullar skaðabætur fyrir það tjón sem árásarstríð þeirra hafi valdið Egyptum Jórdönun og Sýrlandi, jafnframt því sem þeir skili þegar aftur öllu því

landi sem þeir lögðu undir sig í stríðinu, þ.e. héruðunum vestan Jórdanfljóts, Sínaiskaga og nokkrum landamærahéruðum í Sýrlandi. Öryggisráðið geri nauðsynlegar ráðstafanir til að koma öllu í samt horf og það var fyrir stríðið.

Í ræðu sinni sagði Kosygin að Ísraelsmenn bæru alla ábyrgð á því að stríðið hófst, en hann sakaði einnig Bandaríkin og Bretland um að hafa stutt árásaráðilann. Meðan Ísraelskar hersveitir væru á arabísku landi gætu bardagar blossað upp aftur hvenær sem væri, sagði hann.

Hann fór hördum orðum um framferði Ísraelsku hersveitanna, sem hann sakaði um margvísleg voðaverk. Framferði þeirra minnti á glæpaverk nazista í síðustu heimsstyrjöld. Kosygin tók það skýrt fram að Sovétríkin myndu aldrei sætta sig við að Ísraelsmenn fengju að halda landvinningum sínum. Þegar til lengdar léti myndi það einnig bitna verst á þeim sjálfum.

Kosygin hafði í ræðu sinni víkið að yfirgangi Bandaríkjanna annars staðar í heiminum.

í Vietnam, gagnvart Kúbu, g hann sagði að ef hin hættulega þróun í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs, í Suðaustur-Asíu eða annars staðar þar sem "úrur væri rofinn, yrði ekki stöðvuð hlyti það fyrir eða síðar að leiða til stórstyrjaldar, sem engin þjóð gæti þá forðað sér undan.

Mikið væri undir stórveldunum komið. Það væri gagnlegt ef sendinefndir þeirra gætu sætt á tillögur sem tryggja myndu friðinn við botn Miðjarðarhafs og reyndar alls staðar í heiminum, sagði Kosygin.

Kosygin gekk af fundi

Þegar að lokinni ræðu Kosygins tók Abba Eban, utanríkisráðherra Ísraels, til máls. Hann svaraði árásum Kosygins á Ísraelsmenn og var ekki síður stórtur: — Við sömdum aldrei við Hitler eins og Sovétríkin gerðu, sagði hann. Þá reis Kosygin úr sæti sínu og gekk af fundi ásamt öðrum sovétskum fulltrúum.

Eban ítrekaði að Ísraelsmenn myndu ekki beygja sig fyrir samþykktum sem SP gerðu og þeir þeldu óviðunandi. Eina

lausnin væri fólgin í beinum samningum milli Ísraelsmanna og araba.

Goldberg, fulltrúi Bandaríkjanna, sagði fáein orð, vísaði á bug árásum Kosygins á þau, en kvaðst mundu svara ræðu hans nánar á morgun, en aflýst hafði verið kvöldfundur þingsins sem boðaður hafði verið.

Formaður egyptzku nefndarinnar, Fawzi varaforsætisráðherra, sagði að loknum þingfundinum í dag að Kosygin hefði flutt þinginu heiðarlega og gagnlega greinargerð sem hefði verið í fullu samræmi við hálleit markmið Sameinuðu þjóðanna og í þágu friðarins í heiminum.

Viðræður við Johnson?

Enn er ekkert vitað með vssu um það hvort Kosygin og Johnson forseti munu ræðast við, þótt heldur sé það talið sennilegra en hitt. Vegabréfsáritun Kosygins er aðeins miðuð við erindi hans á allsherjarþingið; ekki hafði verið um annað sótt og þykir sennilegt að ef úr fundi þeirra verður muni hann haldinn í New York.

Setið um sendiráð Kinverja og Indverja í báðum löndum

NYJU DELHI og PEKING 19/6 — Sambúð Indverja og Kinverja versnar með hverjum degi og í dag lét indverska stjórnin vopnaða lögreglumenn slá hring um kínverska sendiráðið í Nýju Delhi. Þetta var svar við umsátri þúsunda rauðra varðliða um indverska sendiráðið í Peking, en það hefur nú staðið dögum saman.

Indversku sendiráðsmennirnir eru algerlega einangraðir í húsi sendiráðsins, jafnvel erlendir

stjórnarérindrekur sem reynt hafa að færa þeim mat hafa verið gerðir afturreka. Sagt var í Nýju Delhi í dag að kínversku sendiráðsmennirnir myndu sæta sömu meðferð og þeir indversku í Peking.

Þessi átök hófust fyrir nokkrum dögum þegar tveimur indverskum sendiráðsmönnum var vísað úr Kína, en þeir höfðu verið sakaðir um njósnir. Í hefndarskyni var tveimur kínverskum vísað úr Indlandi og voru þeir grýttir af trylltum múgi sem safnast hafði við sendiráð þeirra í Delhi. Það var eftir það sem umsátrið um sendiráðið í Peking hófst.

Miðstjórnin á fundi í Moskvu

MOSKVU 19/6 — Haft er eftir göðum heimildum í Moskvu, að miðstjórn kommúnistaflokksins muni koma þar saman á fund á morgun, þriðjudag, til þess að ræða ástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins og ýmis innanlandsmál. Síðasti fundur miðstjórnarinnar var í desember. Búið er við að fundurinn verði að einhverju leyti helgaður háttahöldunum vegna 50 ára afmælis októberbyltingarinnar.

Arabar verða að treysta á sjálfa sig: Boumedienne

ALGEIRSBORG 19/6 — Boumedienne, forseti Alsírs, sagði í dag á fjóldafundi í Algeirsborg í tilfinni af því að tvö ár voru liðin síðan hann steypti Ben Bella af stóli, að arabar yrðu að treysta á sjálfa sig, en ekki SP. Þeir hefðu tapað orustu en ekki stríði og baráttunni yrði haldið áfram. Sérhver Alsírubi yrði að vera við því búinn að taka sér vopn í hönd til þess að berjast, ekki aðeins gegn Ísrael, heldur gegn öllum vesturveldunum. Boumedienne hvatti öll arabaríki til þess að loka fyrir öluflutninga til Bretlands og Bandaríkjanna í eitt ár.

Hörð orusta nálægt Saigon

SAIGON 19/6 Hermenn úr bandarískri skriðdrekasveit hrundu í dag hörðu áhlaupi sem Þjóðfrelsisherinn gerði á aðalstöð sveitarinnar rúma 50 km frá Saigon. Um 400 manns munu hafa tekið þátt í áhlaupinu, er sagt í Saigon, og því bæt við að 45 hafi verið felldir. Bandaríkjamenn segjast hafa misst 11 fallna og 31 særðan.

Hussein gefur nú í skyn að Ísrael hafi fengið aðstoð

AMMAN 19/6 — Hussein Jórdanskönungur gaf í dag á fundi með blaðamönnum í skyn að fótur gæti verið fyrir fullyrðingum annarra leiðtoga araba um að Ísraelski flugerinn hefði notið stuðnings annarra í stríðinu gegn Ísraelsríkinum.

Hussein sem jafnan hefur verið vinveittur vesturveldunum og þegið mikla aðstoð þeirra forðaðist að ákæra nokkurt einstakt land fyrir að hafa sent flugvélar til aðstoðar Ísrael í

Kinversk vetnissprengja

Skýrt var frá því í Peking á laugardaginn að Kinverjar hefðu sprengt fyrstu vetnissprengju sína þann dag og hefði tilraunin gengið að óskum. Nánari vitneskja var ekki veitt frekar en eftir fyrri kjarnatilraunir Kinverja, en ekki eru þó bornar neinar brögð á að rétt hafi verið frá skýrt, enda hefði fréttin nú vafalaust verið borin til baka í Washington ef hún hefði ekki við rök að styðjast — bandarískar njósnaflugvélar og njósnatungl eru stöðugt á sveimi yfir Kína og þá ekki síst Kjarnorkustöðinni og tilraunarsvæðinu í Sinkiang þar sem allar fimm fyrri tilraunirnar hafa verið gerðar.

Vetnissprenging Kinverja hefur að vonum vakið mönnum óhug — hún er óþyrmeleg áminning um að ógnun kjarnorkustríðs hvílir enn yfir öllu mannkyni hvað sem líður „ógnajafnvægi“ risaveldanna tveggja. En jafnframt hefur hún vakið undrun og jafnvel aðdáun þeirra sem meta umfram allt hugvit og tæknisnilli mannsins — til hvers svo sem hann notar þá gáfu sína. Framfarir Kinverja í smíði kjarnavopna hafa verið svo stórstígar að þess eru engin dæmi áður og þær gefa nokkra vísbendingu um það hvers kínverska þjóðin myndi vera megnug ef hún fengi að einbeita öllum kröftum sínum að þeirri fríðsamlegu uppbyggingu sem hún barfnast svo mjög og enginn kunngur efast um að vakir fyrir forystumönnum hennar. Nokkur ártöl geta gefið hugmynd um hve fljótt Kinverjar hafa verið að því að tileinka sér tækni kjarnorkuvigbúnaðarins. Bandaríkjamenn sprengdu fyrstu kjarnasprengjur sínar í júlí 1945. Rúm sjö ár liðu þar til þeir gátu sprengt fyrsta „vetnisútbúnað“ sinn, en fyrstu eiginlegu vetnissprengjuna sprengdu þeir ekki fyrir en 1. marz 1954. Tæpum níu árum eftir fyrstu kjarnasprenginguna. Það tók Sovétríkin fjögur ár að smíða vetnissprengjuna eftir að þau höfðu sprengt fyrstu kjarnasprengju sína.

Þetta tók Breta fjögur ár þrátt fyrir aðstoð Bandaríkjanna og Frakkar hyggjast reyna fyrstu vetnissprengju sína að ári. Átta árum eftir að fyrsta kjarnasprenging þeirra varð í Sahara. En það eru aðeins liðin tvö ár og sjö mánuðir síðan Kinverjar sprengdu fyrstu kjarnasprengju sína. Þá begar vakti það athygli að þeir höfðu samkvæmt niðurstöðum bandarískra vísindamanna notað úraníum-235 (en ekki plútóníum) í sprengjuna — og reyndar í allar þær sem þeir hafa sprengt síðan. Framleiðsla ísótópsins úraníums-235 krefst með þeim aðferðum sem notaðar hafa verið annars staðar geysilegra fjármuna og afkastasetu iðnaðarins, svo mikillar að mönnum hefur dottið í hug að Kinverjar hafi fundið eða hagnýtt sér aðra og hagkvæmari aðferð. Það kom einnig á óvart þegar Kinverjar skutu í október í fyrri kjarnasprengju með flugskeyti og þótti benda til þess að þeir væru einnig komnir miklu lengra en búist hafði verið við í eldflaugatækni. Nú fyrir skömmu fréttist á skotspónum að búast mætti við því að Kinverjar myndu í haust reyna fyrsta langdræga flugskeyti sitt af þeirri gerð sem fer á milli meginlanda. Allt ber því að sama brúnni: Kinverjar hafa á skömmum tíma náð ótrúlega miklum árangri í þeim vísindum og þeirri tækni sem á okkar dögum er talin forsenda þess að ríki teljist stórveldi.

Stjórnir ýmissa nágrannaríkja Kína, og þá fyrst og fremst japanska stjórnin, hafa eins og jafnan áður mótmælt harðlega kínversku kjarnatilrauninni, sem þær telja ógnun við þjóðir sínar, þó ekki væri nema vegna þeirrar mengunar andrúmsloftsins sem hún hlýtur að hafa í för með sér. Tækniatækni Kinverja mun hins vegar vafalaust nú sem fyrr verða þeim álítsauki með hinum fátæku þjóðum heims. Og þótt vissulega beri að harna sérvert skref í vigbúnaðarkapphlaupinu, hver svo sem í hlut á, verður Kínverjum ekki með neinni sanngírni áleasð fyrir að reyna að búa sig sömu vopnum og þeir eiga sem hafa nú í nær tveim áratugum setið um land þeirra. —

Nasser treystir nú valdaaðstöðu sína

Hefur tekið við embætti forsætisráðherra og forystu flokksins Sósíalistabandalags araba

KAÍRÓ 19/6 — Nasser, forseti Egyptalands, hefur nú treyst völd sín með því að taka í sínar hendur auk forsetaembættisins embætti forsætisráðherra og formennsku Sósíalistabandalags araba, eina stjórnmalaflokksins sem starfar í landinu.

Soliman, sem verið hafði forsætisráðherra gegnir nú embætti eins af fjórum varaforsætisráðherrum. Nasser tók við formennsku eða framkvæmdastjórn Sósíalistabandalagsins af Aly Sabry, og valdaaðstaða hans er nú

enn öflugri en hún var fyrir stríðið en hann sagði sem kunnugt er af sér forsetaembættinu eftir ófárir egyptzka hersins, en afturkallaði afsögn sína fyrir eindregin tilmæli þingsins.

Þá hefur Mahmoud Fawzi verið skipaður varaforseti, en hann var áður einn af varaforsætisráðherrunum og fjallaði þá um utanríkismál. Hann verður sérstakur ráðunautur Nassers um þau mál og er nú fyrir egyptzku sendinefndinni á þingi SP.

Ýmsar aðrar breytingar hafa verið gerðar á stjórn landsins, m.a. skipaður nýr landvarnaráðherra og fyrir helgina hafði yfirstjórn egyptzka hersins verið gerbreytt.

Brandt að koma

Willy Brandt, utanríkisráðherra Vestur-Þýskalands, er um þessar mundir að leggja upp í nokkurra daga ferð um Norður-löndin. Hingað til lands kemur hann n.k. föstudag og hér dvelst hann fram á sunnudagsmorgun.



Hópfæddir á vegum L&L

Ólafsvakan í Færeyjum

10 daga ferð með Kronprins Frederik á Ólafsvökuna í Færeyjum, hefur verið mjög eftirsótt. Lagt af stað 24. júlí. — Örfá pláss óseld. — Verð frá kr. 4.985,00. Leitið frekari upplýsinga

Mjög ódýrt ferðalag

Ákveðið ferð yðar snemma. Skipuleggjum einstaklingsferðir, jafnt sem hópfæddir. Leitið frekari upplýsinga í skrifstofu okkar. Opnið í hádeginu.

LÖND & LEIÐIR
Aðalstræti 8, sími 2 43 13

Breytt símanúmer

BORGARSPÍTALINN Í FOSSVOGI

Röntgendeild

sími 81200

Sjúkrahúsnefnd Reykjavíkur.